

# Stofnanasamningur

Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum við Félag háskólakennara, Félag lífeindafræðinga, Dýralæknafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga.

Forsendur röðunar starfa við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum samkvæmt ákvæðum kjarasamnings ofangreindra stéttarféлага og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, dags. 28. febrúar 2005.

## 1. KAFLI Almennar forsendur

### 1.1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi byggir á grein 11.3 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags háskólakennara, Félag lífeindafræðinga, Dýralæknafélag Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og Félags viðskipta- og hagfræðinga, hins vegar, dags. 28. febrúar 2005. Samningurinn nær til allra starfsmanna Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sem njóta ráðningarkjara samkvæmt framangreindum kjarasamningum svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, fæðingarorlofi eða veikindaleyfi.

### 1.2 Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningnum og upptöku nýrrar launatöflu:

- Að launasetning sé með hlutlægum hætti og sömu mælikvarðar notaðir við ákvörðun launa eftir eðli starfa.
- Að einfalda launakerfið.
- Að hækka lágstu laun.
- Að jafnréttisstefna Háskóla Íslands sé höfð að leiðarljósi við launaákvæðanir þannig að sömu laun séu tryggð fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til þróunar í starfi með hliðsjón af árangri og eðli þeirra starfa sem þeir gegna.

### 1.3 Röðun starfa í launaflokka

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Starfslýsingar endurskoðast árlega.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

- Störf sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna innan Félags háskólakennara með rannsóknaskyldu eru metin til stiga samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara, Háskóla Íslands og tengdra stofnana. Um röðun þeirra í launaflokka er fjallað í 2. kafla.
- Stjórnslýsu-, þjónustu- og sérfræðistörf eru metin til stiga samkvæmt starfs- og hæfnismati. Um röðun þeirra í launaflokka er fjallað í 3. kafla.

- Um launaröðun nemenda í rannsóknatengdu framhaldsnámi og nýdoktora á rannsóknastyrkjum er fjallað í 4. kafla.

#### **1.4 Álag vegna tímabundinna þátta**

Heimilt er að greiða álag ofan á dagvinnulaun þegar umfang/ábyrgð starfs breytist tímabundið vegna sérstakra verkefna. Framkvæmdastjóri, næsti yfirmaður og viðkomandi starfsmaður skulu gera með sér samkomulag þar sem fram kemur hvaða ástæður liggi að baki álagsgreiðslum, kveðið er á um álagsprósentuna og það tímabil sem um ræðir. Við lok tímabilsins fellur álagið niður án fyrirvara. Álagsgreiðslur koma ekki í staðinn fyrir yfirvinnu.

**Dæmi** um greiðslu tímabundins álags vegna sérstakra verkefna, sem ekki hefur verið tekið tillit til við skilgreiningu starfs:

- Verkefnastjórnun nýrra tímabundinna verkefna.
- Starf í tímafrekum nefndum eða starfshópum á vegum stofnunar.
- Aukið álag vegna veikinda eða tímabundinna fjarvista samstarfsmanna.
- Starfsmönnum einingarinnar fækkar tímabundið.

#### **1.5 Forsendur launaröðunar og rökstuðningur**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað í launaflokk miðað við fyrirliggjandi forsendur um röðun, á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar skv. 11. kafla kjarasamnings stéttarfélaganna við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

## **2. KAFLI**

### **Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn**

#### **2.1 Forsendur röðunar starfa við rannsóknir.**

Um er að ræða störf sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna. Með rannsóknum er hér átt við sjálfstæðar rannsóknir þar sem starfsmaður beitir kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar og þekkingar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti.

#### **2.2 Starfsskyldur sérfræðinga**

Starfsskyldur starfsmanna sem eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa skiptast í rannsóknir, þjónustu, stjórnun og önnur störf. Um vægi starfsþátta og undantekningar frá almennum starfsskyldum fer samkvæmt reglum sem Félag háskólakennara og stofnunin koma sér saman um og hlotið hafa samþykki stjórnar stofnunarinnar. (Sjá fylgiskjal 1 við samning þennan.) Um ákvarðanir um rannsóknaleyfi sérfræðinga gilda fyrri reglur.

#### **2.3 Framgangur í efra starfsheiti**

Þegar sótt er um framgang í efra starfsheiti tekur framgangur gildi næstu mánaðamót eftir að forstöðumaður hefur tekið við umsókn og staðfest að hún sé studd fullnægjandi gögnum sem nægja til framgangs.

### 2.3.1 Framgangur sérfræðings í starf fræðimanns

Sérfræðingur á rétt á að fá framgang í starf fræðimanns ef dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda og hann fullnægir skilyrðum sem fram koma í framgangsreglum sem Félag háskólakennara, Háskóli Íslands og tengdar stofnanir koma sér saman um.

### 2.3.2 Framgangur fræðimanns í starf vísindamanns

Fræðimaður á rétt á að fá framgang í starf vísindamanns ef dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda og hann fullnægir skilyrðum sem fram koma í framgangsreglum sem Félag háskólakennara, Háskóli Íslands og tengdar stofnanir koma sér saman um.

## 2.4 Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn á milli launaflokka. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. rannsóknaskýrslu, sbr. samræmdar matseglur Félags háskólakennara, Háskóla Íslands og tengdra stofnana. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir launaflokkahækkun frá sama tíma.

## 2.5 Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn

Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn raðast í launaflokka eins og fram kemur í töflu 2.1 og eru stig metin samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara, Háskóla Íslands og tengdra stofnana, sbr. grein 2.7.

### 2.5.1 Launaröðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna

Röðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna í launaflokka er eins og sýnt er í töflu 2.1 og í samræmi við rannsóknaskýldur þeirra, annars vegar er um að ræða 40% rannsóknaskýldu og hins vegar 60%. Heimilt er að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsóknastig.

Tafla 2.1 Launaröðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna

40%	60%	Heildar- stig	L.fl.	Álag frá 1/5 2006	Álag frá 1/5 2007
-	-	< 50	L07	2,5%	5,0%
-	-	50	L08	2,5%	5,0%
50	60	100	L09	2,5%	5,0%
80	90	150	L10	2,5%	5,0%
120	140	200	L11	2,5%	5,0%
270	320	400	L12	2,5%	5,0%
400	480	600	L14	2,5%	5,0%
550	720	900	L16	2,5%	5,0%
750	960	1200	L17	10,0%	12,5%
1000	1280	1600	L17	12,5%	15,0%
1500	1600	2000 >	L18	12,5%	15,0%

## 2.6 Vinnuskylda við rannsóknir m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa

1. Vinnuskylda á ársgrundvelli minnkar hlutfallslega vegna tóku fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvista vegna veikinda og slysa. Þetta gildir óháð árstíma fjarvistanna.
2. Þröskuldur vinnumatssjóðs vegna rannsókna lækkar hlutfallslega.
3. Þjónustustig eru veitt óháð fjarvistum af þeim toga sem hér um ræðir.

**2.7 Samræmdar matsreglur Félags háskólakennara, Háskóla Íslands og tengdra stofnana, sjá gildandi reglur.** Matsreglurnar hafa verið aðlagðar að úrskurði kjaranefndar fyrir prófessora eins og hann hefur verið á hverjum tíma.

## 3. KAFLI

### Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf

#### 3.1 Röðun starfa í launaflokka

Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf eru metin til stiga samkvæmt starfs- og hæfnismati. Starfsmönnum er raðað í launaflokka eins og fram kemur í töflu 3.1. Við röðun starfa samkvæmt starfsmati skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem metnir eru í hæfnismati og ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni. Röðun skal þó aldrei vera lægri en í L05. Sjá nánar gr. 3.1.1 og 3.1.2. Sjá þó 4. kafla um launaröðun framhaldsnema.

##### 3.1.1 Starfsmat

Grunnröðun starfa í launaflokka er í samræmi við starfsmat. Starfsmat fer fram samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFI.

##### 3.1.2 Hæfnismat og ársmat

Til viðbótar starfsmati eru veitt stig vegna þekkingar og reynslu starfsmanns umfram það sem starfið krefst. Þessir þættir eru metnir í hæfnismati. Áunnin stig úr ársmati koma til uppsöfnunar í hæfnismati ár hvert.

#### 3.2 Launaröðun

Launaröðun samkvæmt starfs- og hæfnismati er eins og sýnt er í töflu 3.1. Röðunin byggist á samanlögðum stigum úr starfs- og hæfnismati. Endurskoða skal starfs- og hæfnismat með tilliti til menntunarstiga og fleiri þátta fyrir 1/5 2007 sbr. *bókun 1* með stofnanasamningi.

Tafla 3.1 Launaröðun þeirra er falla undir starfs- og hæfnismat

Heildar- stig	Lfl. 1/5 2006	Heildar- stig <	Lfl. 1/5 2007
< 350	L05	350	L05
350	L06	350	L06
400	L07	375	L07
425	L08	425	L08
475	L09	475	L09
525	L10	525	L10
575	L11	575	L11
625	L12	625	L12
675	L13	675	L13
725	L14	725	L14
775	L15	775	L15
825	L16	825	L16
875	L17	875	L17
925>	L18	925>	L18

### 3.3 Endurskoðun röðunar í launaflokka og ársmat

Endurskoða skal starfslýsingar eftir þörfum en ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Starfsmenn geta sótt um ársmat í maímánuði ár hvert og skulu niðurstöður liggja fyrir í september. Breytingar á röðun í launaflokka á grundvelli árs mats taka gildi 1. september ár hvert.

### 3.4 Starfsheiti

Starfsheiti háskólamenntaðra starfsmanna við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sem raðast í launaflokka á grundvelli starfs- og hæfnismats eru eftirfarandi:

Sérfræðingur  
Gæðastjóri  
Bókasafns- og upplýsingafræðingur

Deildarstjóri  
Framkvæmdastjóri  
Dýralæknir með embættispróf

Heimilt er að nota önnur starfsheiti ef þau eru lýsandi fyrir starfið.

## 4. KAFLI

### Nýdóttar og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi

#### 4.1 Launaröðun

Nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi sem fá greidd laun frá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum á grundvelli ráðningarsamnings og raðast í launaflokka samkvæmt eftirfarandi forsendum:

Meistararnemi: L01  
Doktorsnemi: L02  
Nýdoktor: L05

Heimilt er að raða einum til tveimur launaflokkum hærra í samræmi við framgang náms og/eða starfs. Við ráðningu skal gera samning milli viðkomandi nemanda, forstöðumanns og leiðbeinanda um vinnuskyldu, vinnuframlag, hlutfall starfs og tímalengd ráðningar. Í samningnum skal koma fram að ráðningin grundvallist á náminu og ljúki við námslok.

Nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi skulu auðkenndir í starfsmannaskrá eftir því sem við á sem meistararnemi eða doktorsnemi og tiltaka skal einnig hverjir eru nýdoktorar í upplýsingum til viðkomandi stéttarfélags.

Með nýdoktor er átt við starfsmann með doktorsgráðu sem ráðinn er tímabundið fyrir styrkfé.

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Reykjavík 5. maí 2006

Fyrir hönd, Tilraunastöðvar Háskóla Íslands  
í meinafræði að Keldum.

Fyrir hönd Félags háskólakennara,  
Félag lífeindafræðinga,  
Dýralæknafélag Íslands, Stéttarfélags  
bókasafns- og upplýsingafræðinga og  
Félags viðskipta- og hagfræðinga.

Sigurður Ingvarsson

Gísli Jónsson

Helgi S. Helgason

Kristín Hafsteinsdóttir

Edda Magnúsdóttir

Sigríður Guðmundsdóttir

## Fylgiskjal 1

Starfsskyldur sérfræðinga við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

1. gr.

### Starfsskyldur

Starfsskyldur sérfræðinga við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa skiptast í þrjá meginþætti: rannsóknir, þjónusta, stjórnun og önnur störf, sbr. 2. gr. í fylgiskjali þessu.

2. gr.

### Starfsmenn sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa

Stofnun ákveður skiptingu starfsskyldna milli rannsókna, stjórnunar og annarra starfa fyrir sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn. Kveða skal á um skiptingu starfsskyldna í ráðningarsamningi. Ef við á skal tiltaka í ráðningarsamningi hve hátt hlutfall rannsóknaskyldunnar eru þjónusturannsóknir á vegum stofnunar, aðrar rannsóknir eða aðstoð við rannsóknir, án rannsóknafrelsis.

3. gr.

### Almennar starfsskyldur sérfræðinga

Starfsskyldur sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna skiptast í tvo flokka og skal rannsóknaskylda þeirra vera 40% eða 60% af heildarvinnuskyldu. Aðrir starfsþættir sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna eru 60% eða 40% eftir því sem nánar er kveðið á um í starfslýsingu og ráðningarsamningi.

4. gr

### Skilgreining starfsþátta

#### 4.1 Rannsóknir:

Sérfræðingar njóta akademísks rannsóknafrelsis, en í því felst að þeir velja sér sjálfir viðfangsefni á fræðasviði sínu og þær aðferðir sem þeir beita. Stofnun skilgreinir fræðasvið hvers sérfræðings. Rannsóknafrelsi felur í sér ábyrgð og skyldur. Niðurstöður rannsókna skulu kynntar á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þær skulu einnig kynntar almenningi eftir því sem kostur er. Sérfræðingar skulu leitast við að afla tekna úr rannsóknasjóðum og frá öðrum aðilum til rannsókna sinna og annarra. Sérfræðingar skulu árlega gera grein fyrir rannsóknnum sínum.

Heimilt er í ráðningarsamningi að fela starfsmönnum sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa, sbr. 2. gr. að sinna þjónusturannsóknnum eða öðrum rannsóknnum og rannsóknatengdum störfum á vegum stofnunar, sbr. 4.3 gr. hér á eftir. Slíkar rannsóknir geta komið í stað hluta almennrar rannsóknaskyldu og um þjónusturannsóknir gilda ekki ákvæði um rannsóknafrelsi.

#### 4.2 Þjónusta og önnur störf:

Undir þjónustu og önnur störf falla fyrst og fremst ýmis tilfallandi smærri eða stærri verkefni eða verkþættir er leiða af hlutverki og skyldum stofnunarinnar á fræðasviði hennar og starfsmönnum er falið að leysa eftir aðstæðum hverju sinni. Þar með teljast

þjónusturannsóknir við ýmis föst eða langtíma verkefni á fræðasviði stofnunar sem henni er ætlað að sinna skv. lögum eða reglugerð eða ákvörðun stjórnar.

#### **4.3. Stjórnun:**

Í fyrsta lagi felur stjórnun í sér verkefni í tengslum við rannsóknir og þjónusturannsóknir viðkomandi sérfræðings.

Í öðru lagi felur stjórnun í sér tímabundið verkefni á vegum stofnunar sem mönnum er falið af forstöðumanni, næsta yfirmanni eða stjórn stofnunarinnar.



## **Fylgiskjal 2**

### **Sérstök umbun vegna tímabundins álags/verkefnis**

Í grein 1.4 í stofnanasamningi er fjallað um tímabundið álag innan verksviðs starfsmanns en hér er eingöngu átt við álag fyrir verkefni sem eru utan við verksvið hans.

Heimilt er að gera samning við starfsmann um að taka að sér sérstakt verkefni sem felur í sér tímabundið álag sem varir í að lágmarki einn mánuð og telst ekki felast í viðkomandi starfi. Slíkur viðbótarsamningur skal vera skriflegur og skal þar kveðið á um efnisatriði hins sérstaka verkefnis og þeirra launakjara sem því fylgir. Samningar sem þessir taka til tímabundinna verkefna t.d. þegar almennt áreiti eykst tímabundið eða þegar aðkallandi verkefni koma upp sem þarf að ljúka með skjótum hætti, það getur einnig náð til ákveðinnar verkefnastjórnunar, formennsku í nefndum, tímabundins aukins stjórnunarálags umfram stjórnunarskyldur eða hliðstæðra verkefna í þágu stofnunar. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum mun setja reglur um greiðslur af þessum toga sem kynntar verða starfsfólki.

Umbunin getur að hámarki verið 30.000 kr. á mánuði og tekur ekki breytingum á samningstímanum, sbr. nánar grein 1.3 annars vegar og greinar 1.2.1 og 1.2.2 hins vegar og í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og viðkomandi kjarafélaga hins vegar, dags. 28. febrúar 2005.

Umbun þessi eða launaviðbót sem byggir á tímabundnum verkefnasamningi fellur niður við lok verkefnanna sem um ræðir eða í síðasta lagi í lok samningstíma án sérstakrar uppsagnar að hálfu stofnunarinnar.

## Bókanir

### Bókun 1

#### Endurskoðun á starfs- og hæfnismati

Mat á menntun í starfs- og hæfnismati verður eins og fram kemur hér að neðan frá og með 1. maí 2007 er 2,6% viðbótarfjármagn fæst til áframhaldandi þróunar stofnanasamningsins.

	Starfsma t	Hæfnism at
Diplómanám	-	25 stig
Háskólapróf BA/BS, 90 einingar	90 stig	50 stig
Háskólapróf BA/BS, 120 einingar	120 stig	60 stig
Háskólapróf MA/MS/viðbótarmenntun	160 stig	90 stig
Starfið krefst menntunar á tveimur sviðum	180 stig	110 stig
Doktorspróf	220 stig	130 stig

Viðbótarmenntun umfram það sem starfið krefst reiknast til stiga sem mismunur milli flokka í hæfnismati (*Dæmi*: Einstaklingur í starfi sem krefst BA/BS menntunar fær því 40 stig í hæfnismati fyrir MA/MS próf). Aðrir þættir matskerfisins geta einnig komið til endurskoðunar samkvæmt nánara samkomulagi aðila.

### Bókun 2

#### Launaþróun

Ef vafi leikur á að launaþróun við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hafi náð því að vera að meðaltali 6,5% frá apríl 2006 til maí 2007 umfram miðlægar launahækkningar, sbr. fylgiskjal 1 í kjarasamningi stéttarfélaganna frá 28. febrúar 2005, skulu fulltrúar stéttarfélagans og stofnunarinnar endurskoða launaröðun starfsmanna á einstaklingsgrundvelli uns 6,5% markinu er náð. Í þessu sambandi skal einungis skoða launaþróun hjá þeim sem hafa verið samfelld í starfi það tímabil sem um ræðir.

### Bókun 3

#### Lágmarkshækkun vegna fjármagns til stofnunar 1. maí 2006 og 1. maí 2007

Orðið hefur að samkomulagi aðila að dagvinnulaun hvers og eins hækki að lágmarki um 2% frá og með 1. september 2006.

### Bókun 4

Við launaröðun dýralækna með embættispróf sem ráðnir eru skv. hæfnismati dómnefndar og koma til starfa við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum frá og með 1. september 2006 verður álagsprósentan 5% notuð þar til samningsaðilar hafa endurskoðað og samþykkt starf- og hæfnismat sem hæfir þessari menntunargráðu.

## **Bókun 5**

### **Áfrýjunarnefnd vegna starfs- og hæfnismats**

Komið verði á fót áfrýjunarnefnd vegna ágreiningsmála sem rísa kunna út af niðurstöðum úr starfs- og hæfnismati hjá Háskóla Íslands og tengdum stofnunum fyrir 1. október 2006. Einstaklingar geta skotið ágreiningi vegna niðurstöðu mats til nefndarinnar sem skal skipuð óháðum aðilum og starfrækt með sama hætti og áfrýjunarnefnd vegna stigamats kennara og sérfræðinga með hæfnisdóm. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir.